

L Ö G

46

22. maí

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings síns.

2. gr.

Orðin „skriflega“ í 11. og 15. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

47

25. maí

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlinum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvist þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlinum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlinunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

18